



Nefndasvið Alþingis  
B.t. Umhverfis- og samgöngunefndar  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 18. mars 2019

**Efni: Tillaga til þingsályktunar um uppgræðslu lands og ræktun túna, 397. mál**  
*Tilv. 201903-0012*

Bændasamtök Íslands fengu senda til umsagnar tillögu til þingsályktunar um uppgræðslu lands og ræktun túna, 397. mál, með tölvubréfi frá nefndasviði Alþingis 4. mars sl. Bændasamtökin hafa farið yfir tillöguna og styðja að hún verði samþykkt. Samtökin benda á að gríðarlega mikilvægt er að ræktunarland hér á landi, sem er takmarkað, verði varðveitt til framtíðar. Til þess þarf að búa til hvata fyrir bændur og landeigendur til að viðhalda ræktun í tünnum og uppgræða land og styðja við þau verkefni sem þegar hafa verið sett á fót, þ.á m. verkefni um kolefnisbindingu í sauðfjárrækt og samvinnuverkefnið „Bændur græða landið“.

Virðingarfyllt  
f.h. Bændasamtaka Íslands

Guðrún Vaka Steingrimsdóttir